

From: Landsnet
Sent: föstudagur, 22. nóvember 2019 14:42
To: Landsnet
Subject: Verkefnis- og matslýsing Kerfisáætlunar 2020-2029

Góðan daginn!

Við hjá Landsneti erum byrjuð að móta kerfisáætlun 2020-2029 samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003. Samhliða er unnið umhverfismat á umhverfisáhrifum kerfisáætlunar skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Megintilgangur matsvinnu er að tryggja að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða við ákvarðanir um áætlunina, draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif og upplýsa um hugsanlegar afleiðingar kerfisáætlunar á umhverfið.

Í matslýsingu er meðal annars gerð grein fyrir meginforsendum kerfisáætlunar og hvernig efnistöku umhverfisskýrslu eru fyrirhuguð. Fram kemur hvaða þættir áætlunarinnar eru taldir að verði helst fyrir áhrifum, í hverju valkostagreiðing mun felast, hvaða gögn verða lögð til grundvallar ásamt matsspurningum og viðmiðum við mat á vægi og umfangi umhverfisáhrifa.

Kynning og samráð vegna umhverfismatsvinnu kerfisáætlunar er í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og mun Landsnet birta öll helstu gögn á heimasíðu fyrirtækisins.

[Hér má nálgast Matslýsingu fyrir Kerfisáætlun 2020-2029](#)

Athugasemdafrestur:

Hægt er að senda athugasemdir og ábendingar um matslýsingu á netfangið landsnet@landsnet.is, merkt „matslýsing“. Frestur til að senda athugasemdir er til og með 23. desember 2019

Landsnet hf

Tel / Sími +354 563 9300 / Mobile / Gsm. / landsnet@landsnet.is

www.landsnet.is / www.facebook.com/landsnet / www.twitter.com/landsnethf